

Fundur skólaráðs og starfshóps um innleiðingu á breytingum í Víkurskóla 9. nóv. 2022

Mætt: Sigríður, Júlía, Fiona, Sölvi, Björg, Þuríður, Líney, Stefán og Hulda.

Forföll boðuðu: Jóhanna

1. Kynning á niðurstöðum nemendakannana Víkurskóla - Þuríður

2. Kynning á niðurstöðum lesfimi í Víkurskóla – Þuríður

3. Önnur mál

- a. Innleiðingarhópur Víkurskóla vegna breytinga í Norðanverðum Grafarvogi – Hulda
Hlutverk innleiðingarhópsins er að vinna að markvissri og farsælli innleiðingu breytinga á skóla- og frístundastarfi í Víkurskóla og gert ráð fyrir að hann ljúki störfum næstu áramót. Skólaráð Víkurskóla og innleiðingarhópur Víkurskóla ákváðu á síðasta ári að sameina krafta þessara hópa, þar sem þeim fannst verkefnin skarast, sumir voru í báðum hópunum og einnig hefur fækkað mjög í innleiðingarhópnum vegna breytinga á starfsmannahóp Víkurskóla og nemendur hafa útskrifast. Rætt hvernig hópurinn metur stöðuna á innleiðingunni og hvaða verkefnum er ennþá ólokið. Stefnumótun fyrir starfsemi skólans hefur gengið hægar en ætlað var en verið er að vinna að henni með aðstoð Ingvars Sigurgeirssonar. Staðan á samgöngubótum er góð, merki skólans er í vinnslu en á eftir að klára ákveðin mál sem tengjast húsnaði og tækjabúnaði s.s. í tengslum við húsæði félagsmiðstöðvarinnar, nemendaskápa, lýsingu og betra nettengingu. Ákveðið að Hulda og Þuríður taki að sér að gera samantekt yfir stöðuna á þessum verkefnum og beri undir fulltrúa í skólaráði og innleiðingarhópnum og svo í framhaldi skilað inn til skóla- og frístundasviðs með formlegum hætti.
- b. Skólasund – Sigríður

Fundi slitið kl. 9.10